

## LEIÐBEINANDI REGLUR UM VERÐKANNANIR TIL OPINBERRAR BIRTINGAR

### I.

#### Gildissvið og tilgangur

##### 1. gr.

Reglur þessar taka til allra þeirra sem gera verðkannanir til opinberrar birtingar.

##### 2.gr.

Reglum þessum er ætlað að tryggja að gerð verðkannana sé í samræmi við sanngjarna viðskiptahætti og koma í veg fyrir að upplýsingar í þeim séu rangar, ófullnægjandi eða villandi, sbr. 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

### II.

#### Framkvæmd

##### 3. gr.

Verðkannanir skulu vera eins víðtækar og nauðsynlegt er hverju sinni svo þær gefi sem heildstæðasta mynd af markaðnum. Í verðkönnunum þar sem samanburður er gerður á milli verslana skal bera saman verð á sömu vöru og/eða þjónustu eða eftir atvikum, þegar ekki er kostur á öðru, verð á vöru og/eða þjónustu sem að öllu leyti er sambærileg að gæðum og notagildi.

##### 4. gr.

Framkvæmd verðkannana skal almennt fara fram í fyrirtækjunum sjálfum en ekki miðast við upplýsingar sem gefnar eru í fréttum, auglýsingum eða á annan sambærilegan hátt.

##### 5. gr.

Starfsmaður við verðskráningu skal kynna sig fyrir fulltrúa verslunar/þjónustu áður en verðskráningin fer fram. Þá skal starfsmaður við verðskráningu einnig geta þess í hvaða tilgangi verðskráningin sé gerð og hvort ætlunin sé að birta niðurstöður opinberlega.

##### 6. gr.

Verð í verslunum skal kannað í hillum verslana eða annars staðar þar sem verðið er birt neytendum, sbr. reglur um verðmerkingar nr. 580/1998.

##### 7. gr.

Starfsmaður við verðskráningu skal ávallt gefa starfsmanni viðkomandi verslunar/þjónustu kost á að fá afrit af eyðublaði því sem verð hefur verið skráð á eftir að verðskráning hefur farið fram.

8. gr.

Verðkannanir skulu taka sem skemmstan tíma og niðurstöður þeirra birtast eins fljótt og auðið er.

### **III.**

#### **Meðferð og birting**

9. gr.

Við öflun upplýsinga, úrvinnslu og birtingu verðkannana skal fyllsta hlutleysis gætt.

10. gr.

Tölfræðilegrar nákvæmni skal gætt við úrvinnslu gagna, enda er birtingaraðili ábyrgur fyrir niðurstöðum sínum.

11. gr.

Þegar birtur er samanburður á verðlagi milli verslana, skal flokka verslanir niður í samstæða hópa verslana, eftir stærð, vöruvali og þjónustustigi, nema sérstök tilgreind ástæða sé til annars.

12. gr.

Við birtingu verðkannana skal, á skilmerkilegan og auðskilinn hátt, birta nauðsynlega fyrirvara og athugasemdir við verðkannanir.

13. gr.

Sérstaklega skal þess gætt að ályktanir séu í fullu samræmi við niðurstöður kannana. Einnig skal þess gætt að umfang könnunar réttlæti þær ályktanir sem af henni eru dregnar.

14. gr.

Við birtingu verðkannana skal senda öllum þátttakendum niðurstöður könnunarinnar.

**Samþykkt í samkeppnisráði**

**4. desember 2000**